



KIRKJUBÆJARSKÓLI

Skólaráðsfundur 30. maí 2025 kl. 13:00 í fundarsal Skaftárhrepps

Fundinn sátu: Arna Guðbjörg Matthíasdóttir, Bríet Sunna Bjarkadóttir, Bryndís Karen Pálsdóttir, Halldóra St. Kristjónsdóttir, Signý Heiða Þormarsdóttir, Sigríður Vigdís Þórðardóttir og Hólmfríður G. Guðjónsdóttir.

Dagskrá

Skólastjóri bauð sérstaklega annan fulltrúa nemenda, Signýju Heiðu Þormarsdóttur, velkomna á fundinn, þar sem þetta er hennar fyrsti fundur í skólaráðinu. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Skólapúlsinn, nemendakönnun 6. – 10. bekkur, maí 2025 – niðurstöður.

Margir þættir góðir og á uppleið frá síðustu könnun en það eru sóknarfæri fyrir innra mat.

2. Næsta skólaár, 2025 - 2026.

Skólastjóri greindi frá því að búið er að manna flestar stöður. Starfsmannahópurinn helst að mestu óbreyttur.

3. Önnur mál.

- Eftir könnun sem gerð var meðal foreldra í leikskólanum ætla foreldrar ekki að nýta opnun milli jóla og nýárs.
- Skólinn er búinn að fá úthlutaðri tímasetningu í Skólabúðunum á Reykjum með Grunnskóla Hornafjarðar fyrir 7. bekk, dagana 4. – 7. maí 2026.
- Fyrir uppsetningu á stundatöflum næsta skólaárs. Rætt um styttingu á hádegishléi úr 40 mín. í 30 mín. Lagt til að yngri nemendur fari fyrir í síðdegishressingu til þess að þau hafi góðan tíma til að borða og komast í skólabíla.

Skólastjóri þakkaði skólaráðinu fyrir góð og gefandi samskipti og óskaði öllum gleðilegs sumar og farsældar á næsta skólaári.

Fundi slitið.

Fundargerð skráði,
Hólmfríður G. Guðjónsdóttir,
skólastjóri